

Umhverfisstefna hafna

Drög að leiðbeinandi fyrirmynd.

Hafnasambandsþing haldið í Dalvíkur- og Fjallabyggð 4. og 5. september 2014 fól stjórn Hafnasambands Íslands að gera einfalda fyrirmynd að umhverfisstefnu hafna.

Hafnir sambandsins gætu þá notað hana til að gera sína eigin umhverfisstefnu.

Stjórn Hafnasambandsins fól Umhverfis og Öryggisnefnd að gera tillögu að fyrirmynd að umhverfisstefnu hafna.

Umhverfisnefnd telur að umhverfisstefna hafna þurfi að vera einföld, skilvirk og kalli ekki á mikla skriffinsku, til að virka og verða höfnum leiðarljós í umhverfismálum.

Meðfylgjandi eru tillögur Umhverfis og Öryggisnefndar Hafnasambands Íslands að fyrirmynd fyrir umhverfisstefnu hafna. Hvetur nefndin allar hafnir til þess að setja sér umhverfisstefnu og markmið í þeim efnum.

Hafnirnar sjálfar þurfa svo að nota fyrirmyndina til að gera sína eigin umhverfisstefnu og aðgerðaráætlun í framhaldi af því.

Fyrir hönd Umhverfis og Öryggisnefndar H.Í.

10. apríl 2015

*Már Sveinbjörnsson Hafnarfjarðarhöfn
Gísli Jóhann Hallsson Faxaflóahöfnum
Björn Arnaldsson Höfnum Snæfellsbæjar
Sigrún Árnadóttir Sandgerðishöfn
Pétur Ólafsson Hafnasamlagi Norðurlands*

Tilgangur:

Umhverfisstefna fyrir hafnir felur í sér að umhverfissjónarmið séu höfð að leiðarljósi í starfsemi hafna.

Umfang:

Umhverfisstefnan nær til allrar starfsemi hafna; þ.m.t. innkaupa, orkunotkunar, vinnuumhverfis og meðferðar efna.

Umhverfisstefnan nær til allra þeirra sem starfa hjá höfnum. Allir starfsmenn hafna bera ábyrgð á framkvæmd þessarar stefnu.

Markmið:

Markmið hafna með umhverfisstefnunni eru að:

- Fylgja lögum og reglugerðum um umhverfismál.
- Draga úr mengun í starfsemi hafna.
- Tryggja starfsmönnum heilbrigð og örugg starfsskilyrði.
- Miðlun upplýsinga, fræðsla.
- Tryggja hagkvæma nýtingu orku til starfseminnar.

Leiðir að markmiðum:

Leiðir hafna að ofangreindum markmiðum eru:

- Útnefning starfsmanns sem er tengiliður vegna umhverfismála, eftir því sem við á.
- Að fylgjast með lögum og reglugerðum sem varða umhverfismál.
- Við innkaup er leitast við að velja vörur sem eru merktar viðurkenndum umhverfismerkjum og forðast vörur sem innihalda skaðleg efni.
- Við endurnýjun á bifreiðum og tækjum eru valdar vistvænar útfærslur þar sem því verður við komið.
- Að stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu eins og hægt er.
- Eftirfylgni við orkusparnað og minnkun umhverfismengunar.
- Að veita starfsmönnum reglulega fræðslu um umhverfismál.

Ábyrgð:

Ábyrgð á framkvæmd umhverfisstefnu skiptist á eftirfarandi hátt:

- Hafnarstjóri ber ábyrgð á umhverfisstefnunni.
- Allir starfsmenn hafna bera ábyrgð á að fylgja þeim vinnuferlum sem tryggja eiga framkvæmd umhverfisstefnunnar.
- Allir starfsmenn hafna bera ábyrgð á að tilkynna frávik sem varða umhverfismál.

Endurskoðun:

Þessi stefna skal endurskoðuð þriðja hvert ár og oftár ef þörf krefur til að tryggja að hún samrýmist markmiðum með rekstri hafna.

Fyrirmynd að umhverfisstefnu hafna.

_____höfn hefur það að leiðarljósi að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum, stuðla að vistvænni starfsemi og lágmarka óæskileg umhverfisáhrif vegna þeirrar starfsemi sem fram fer á hafnarsvæðinu.

Einstök efnisatriði:

1. Raforka – heitt vatn:

Raforkunotkun skiptist í tvo hluta. Annarsvegar er raforkunotkun hafnanna sjálfra og hinsvegar er raforka seld til skipa.

Markmiðið er að minnka eigin raforkunotkun og auka sölu rafmagns til skipa, til að minnka útblástursmengun og hávaða. Leitast skal við að sem flest skip nýti sér rafmagn úr landi.

Einnig skal leitast við að skip geti nýtt sér heitt vatn úr landi til upphitunar, þar sem það á við.

2. Vatn:

Hafnir skulu spara vatn eins og kostur er.

Hefta sjálfrennandi vatn úr slöngum á hafnarsvæðum.

Hafnir skulu fá gæðavottun fyrir neysluvatn sitt, hvort sem það er til eigin nota eða til sölu um borð í skip og báta.

3. Jarðefnaeldsneyti:

Hafnir skulu spara jarðefnaeldsneyti eins og kostur er, bæði til sparnaðar og mengunarvarna, meðal annars með því að spara akstur eins og kostur er.

4. Úrgangur og spilliefni:

Flokka úrgang frá höfnunum sjálfum í pappírsvörur, timbur, málma, spilliefni, rafhlöður, olíuúrgang og annan úrgang.

Sjá til þess að á hafnarsvæðum sé aðstaða fyrir smábátaeigendur fyrir olíur og olíumengaðan úrgang, spilliefni og annan úrgang eftir því sem hægt er.

5. Pappírnotkun:

Halda pappírnotkun í lágmarki, t.d. með auknum rafrænum samskiptum, kröfum um rafræna reikninga og öðrum þeim leiðum sem spara pappír.

6. Mengun og mengunaróhöpp:

Mengandi efni geta borist í höfnina meðal annar með regnvatni af götum, skolpi frá sveitarfélögum og úrgangi frá skipum og bátum.

Jarðvegur getur mengast vegna starfsemi á hafnarsvæðinu og vegna leka úr skolplögnum, olíulögnum o.þ.h. Skipta þarf um slíkan mengaðan jarðveg og koma í veg fyrir áframhaldandi mengun í samráði við viðkomandi aðila.

Hafnir takist á við mengunaróhöpp í samræmi við lög, reglugerðir og viðbragðsáætlun.

7. Dýpkun og landfyllingar:

Dýpkun hafna er nauðsynleg til viðhalds og þróunar þeirra í takt við þarfir viðskipatavina.

Dýpkunarframkvæmdir geta verið háðar mati á umhverfisáhrifum.

Hafnir ráðfæri sig við Umhverfisstofnun um dýpkun og ráðstöfun dýpkunarefna.

Tryggja þarf að fyllingarefni sé ekki mengað, hvort sem það kemur af landi eða úr sjó.

Taka þarf sýni úr fyllingarefnum ef grunur leikur á að það geti innihaldið mengandi efni.

8. Varasöm efni:

Hafnir kortleggi notkun á mengandi efnum.

Efni séu geymd í þar til gerðum geymslum, er henta hverjum efnisflokki fyrir sig.

Til staðar séu öryggisblöð fyrir öll mengandi og hættuleg efni.

Vinna skal að því að fækka mengandi og hættulegum efnum í notkun á hafnarsvæðunum.

Varast að komast í snertingu við vökva, sem utanaðkomandi aðilar skilja eftir á hafnarsvæðinu.

Hafnir nýti sér fræðslu og þjónustu Vinnueftirlitsins til varna gegn mengandi og hættulegum efnum.

9. Opin svæði:

Opin svæði, t.d. á hafnarsvæðum örva á stundum freistingar til að losa sig við rusl og annað miður æskilegt. Mikilvægt er að ganga vel frá opnum svæðum til að minnka freistingarnar og eins að merkja skilmerkilega að bannað sé að losa nokkurn skapaðan hlut á svæðið, án samráðs við hafnaryfirvöld.

10. Ljós og hávaði:

Hávaði frá hafnarsvæðum getur komið frá mörgum hávaða lindum, svo sem ljósavélum skipa, tækjum, búnaði og fleiru. Hávaði frá höfnum getur verið allan sólarhringinn.

Hafnir leitist við að minnka hávaða frá hafnarsvæðum eins og kostur er.

Hafnir takmarki ljósmengun út fyrir hafnarsvæðin með réttu vali ljósgjafa.

11.Jarðvegsfok:

Jarðvegsfok má meðal annars hindra með vökvun opinna svæða til bráðabirgða og gróðursetningu til lengri tíma.

12.Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda:

Hafnir láti framkvæma mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum og reglugerðum þar sem það á við hverju sinni.

LÖG OG REGLUGERÐIR:

Grunnkrafan sem gerð er til fyrirtækja sem hafa innleitt umhverfisstjórnun í rekstur sinn er að þau þekki og uppfylli þær lagalegu kröfur sem eiga við umhverfisþætti þeirra.

Um er að ræða lög og reglugerðir varðandi umhverfismál sem geta verið settar fram í starfsleyfum fyrirtækja. Það er hluti reksturs og viðhalds umhverfisstjórnunarkerfis að uppfæra lagalistann þannig að fyrirtækið þekki þær breytingar á kröfum sem gerðar eru til þess á hverjum tíma.

Megin lög og reglugerðir sem eiga við í rekstri hafna eru talin upp hér að neðan.

Hafnarreglugerð viðkomandi hafnar.

Hafnalög, 61/2003, sbr. 88/2010

Reglugerð um hafnamál, 326/2004

Reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda nr. 1010/2014.

Reglugerð nr. 326/2004 um hafnamál

Lög um mat á umhverfisáhrifum, 106/2000 (hafnagerð, 11. tl. 1. viðauki og 12. tl. b. 2. viðauki).

Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum, 1123/2005.

Lög um umhverfismat áætlana, 105/2006.

Lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna, 9/2009

Skipulagslög, 123/2010

Lög um mannvirki 160/2008

Lög 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda

Reglugerð nr. 515/2010 um kjölfestuvatn

Reglugerð nr. 824/2005 um takmörkun á notkun skaðlegra gróðurhindrandi efna og/eða búnaðar á skip

Reglugerð nr. 792/2004 um móttöku á úrgangi frá skipum

Reglugerð nr. 465/1998 um viðbrögð við bráðamengun sjávar (á sér stoð í lögum 32/1986 (felld úr gildi með lögum nr. 33/2004) og lögum 7/1998).

Marpol – alþjóðasamningur-

Reglugerð nr. 527/1999 um varnir gegn mengun sjávar vegna eittra efna í fljótandi formi sem flutt eru í geymum skipa

Reglugerð nr. 715/1995 um varnir gegn sjávar frá skipum.

Reglugerð nr. 801/2004 um varnir gegn sorpmengun frá skipum.

Lög 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi

Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ

Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða

Reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir

Reglugerð nr. 817/2002 um mörk fyrir fallryk úr andrúmslofti

Reglugerð nr. 788/1999 um varnir gegn loftmengun af völdum hreyfanlegra

Reglugerð nr. 788/1999 um varnir gegn loftmengun af völdum hreyfanlegra uppspretna

Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni

Reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang (á líka við 52/1998 um eiturefni og hættuleg efni)

Reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang

Lög nr.50/1987 Umferðarlög

Reglugerð 822/2004 um gerð og búnað ökutækja

Lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald

Reglugerð nr. 1124/2005 um úrvinnslugjald

Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs

Efni og efnavörur

Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni („REACH“)

Lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni

Reglugerð 236/1990 um flokkun og merkingu eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni

Reglugerð nr. 50/1984 um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og

garðyrkju og til útrýmingar meindýra. (á frekar við vinnu verktaka á vegum Faxaflóahafna

Reglugerð nr. 137/1987 um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna

Annað

Reglugerð 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga.

Reglur Vinnueftirlits ríkisins:

Reglur nr. 707/1994 um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum.

Reglur nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða.

Samkvæmt **lögum nr. 46/1980** um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ber atvinnurekandi ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Í þessu felst skipuleg greining á þeim störfum sem unnin eru á vinnustaðnum og mat á hugsanlegri áhættu í starfi með tilliti til heilbrigðis og öryggis starfsmanna. Aðgerðin beinist að því að bæta ríkjandi aðstæður á vinnustað.

Skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað skal fela í sér:

1. Sérstakt áhættumat
2. Áætlun um heilsuvernd og forvarnir sem skal fela í sér að gerðar séu úrbætur í samræmi við niðurstöður áhættumatsins
3. Eftirfylgni að úrbótum loknum

Ísland er aðili að eftirfarandi alþjóðasamningum sem tengjast mengun sjávar:

MARPOL 73/78 (um varnir gegn mengun frá skipum)

Lundúnasamningur um varnir gegn mengun hafsins (um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það)

OSPAR um verndun NA-Atlantshafsins (verndun Norð-Austur Atlantshafsins)

OPRC um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun (að koma í veg fyrir mengunaróhöpp á sjó af völdum olíu og að skapa grundvöll fyrir alþjóðlega samvinnu og samhjálp um viðbrögð við mengunaróhöppum á sjó er stafa af olíu)

Alþjóðasjóður til að bæta tjón af völdum olíumengunar - IOPC Fund